

Skólahljómsveit Vestur og Miðbæjar

Starfsáætlun 2018-2019

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Áætlað umfang starfsins næstkomandi skólaár	3
<i>Nemendafjöldi</i>	3
<i>Kennarar</i>	3
<i>Skóladagatal</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3
<i>Samstarf eða þróunarverkefni</i>	3
<i>Annað</i>	3
Yfirlit yfir kennslu nemenda.....	3
<i>Kennslumagn</i>	3
<i>Kennsluhættir</i>	4
<i>Kennslustaðir</i>	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi tónlistarskólans	4
Stutt greinargerð um starfið á síðasta ári	4
Mat á námsárangri	4
Mat á starfsemi skólans.....	4
<i>Innra mat</i>	4
<i>Ytra mat - skólinn</i>	4
<i>Matsáætlun 2017-2018</i>	4
Lykiltölur starfseminnar – markmið byggð á greinargerð síðasta árs	4
<i>Starfsmannahald</i>	5
<i>Tónleikahald</i>	5
<i>Heimsóknir í og frá skólanum</i>	5
Hvernig skólinn framfylgir stefnu Reykjavíkurborgar	5
Lokaorð	5

INNGANGUR

ÁÆTLAÐ UMFANG STARFSINS NÆSTKOMANDI SKÓLAÁR

NEMENDAFJÖLDI

Nemendur eru 135

KENRARAR

Kennarar eru 12 auk skólástjóra.

SKÓLADAGATAL

Kenndir dagar eru í 35 vikur, samtals 175 dagar á ári, þar af 4 breyttir dagar, auk 8 starfsdagar sem eru á árinu.

HELSTU VIÐBURÐIR

Skólahljómsveitin heldur þrenna stóra tónleika á ári, oftast í Neskirkju, þar sem allar sveitir koma fram. Einnig er farið á öll landsmót skólahljómsveita sem haldin eru og allar sveitir spila í Húsdýragarðinum í maí. Auk þess er farið í utanlandsferðir u.þ.b. annað hvert ár. Hljómsveitin heldur alltaf tvenna tónleika í nóvember eða desember fyrir alla nemendur Melaskóla. Í nóvember leikur hljómsveitin í afmæli Vesturbæjarskóla. Nemendur léku í jarðaför Guðmundar Norðdahl í nóvember. Guðmundur var mikill tónlistarfrömuður og stofnaði fjölda tónlistarskóla, kóra og lúðrasveitir. Vorið 2019 fer skólahljómsveitin í ferð til Spánar ásamt Skólahljómsveit Vestmannaeyja og heldur þar ferna tónleika.

SAMSTARF EÐA ÞRÓUNARVERKEFNI

Hljómsveitin fer yfirleitt í innanlandsferð á vorin ef ekki er farið í utanlandsferð og heimsækir aðrar skólahljómsveitir úti á landi. Oftast hefur hljómsveitin farið í æfingabúðir og haldið tónleika með Skólahljómsveit Vestmannaeyja. Elstu og duglegustu nemendur sveitarinnar hafa fengið að taka þátt í æfingum og öllu tónleikahaldi Lúðrasveitar Reykjavíkur, u.þ.b. 10 nemendur taka þátt í þessu samstarfi árlega.

ANNAÐ

Skólahljómsveitin spilar fyrir eldri borgara og leikskóla í desember og heldur u.þ.b. 15-20 tónfundi og samspilstónleika á ári auk annarra viðburða. Á hverju ári eru einnig tónleikar þar sem nemendur spila eigin tónsmíðar.

YFIRLIT YFIR KENNSLU NEMENDA

KENNSLUMAGN

Hljómsveitin hefur 6,68% kennarastöðugildi fyrir utan starfshlutfall skólastjóra. Kennslumagn einkatíma er 120,25 klst. á viku.

KENNSLUHÆTTIR

Kennt er eftir aðalnámskrá tónlistarskóla. Áhersla er á samspil í 3-4 hljómsveitum. Umsjón smærri samspilshópa er í höndum kennara. Einkatímar nemenda fara að mestu fram á skólatíma í skólanum. Byrjendur fá 40 mín. á viku í einkakennslu, eldri nemendur fá 60 mín. á viku í einkakennslu.

KENNSLUSTAÐIR

Í Hljómskálanum fara samæfingar hljómsveita fram, auk slagverkskennslu. Einkakennsla og æfingar smærri samspilshópa fara fram í Melaskóla, Grandaskóla, Vesturbæjarskóla, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Hljómskálanum.

HLUTVERK/LEIÐARLJÓS/GILDI TÓNLISTARSKÓLANS

STUTT GREINARGERÐ UM STARFIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Hljómsveitin hélt alla sína stórtónleika í Neskirkju, auk tveggja árlegra tónleika í Melaskóla, tónleikar í Húsdýragarðinum varð að blása af vegna veðurs. Nemendur léku Jón var kræfur karl og hraustur, í jarförf Tomma Tomm Stuðmanns en hann lést síðasta vetur. Nemendur léku fyriri eldri borgara og leikskólabörn auk þess komu nemendur fram á fjölda tónfunda og samspilstónleika. Hljómsveitin tók þátt í tónleikahaldi í Vesmannaejyum í apríl í tilefni af 40 ára afmæli Skólahljómsveitar Vestmannaeyja.

MAT Á NÁMSÁRANGRI

Öll áfangapróf fara fram með prófdómurum frá Prófanevnd tónlistarskóla. Önnur próf, vorpróf eða smærri próf eru gerð í samvinnu kennara.

Á síðasta ári tóku 15 nemendur áfangapróf, þar af 4 miðpróf. Meðaleinkun í grunnprófum var 8,8 og í miðprófum 8,2.

MAT Á STARFSEMI SKÓLANS

INNRA MAT

- Mat á prófum, öðrum en áfangaprófum eru í höndum kennara sem dæma prófin hvor hjá öðrum.

YTRA MAT - SKÓLINN

Mat á áfangaprófum er á vegum Prófanevndar tónlistarkóla.

MATSÁÆTLUN 2018-2019

LYKILTÖLUR STARFSEMINNAR – MARKMIÐ BYGGÐ Á GREINARGERÐ SÍÐASTA ÁRS

STARFSMANNHAULD

Starfsmenn eru 12 auk skólastjóra, 8 karlar og 4 konur.

TÓNLEIKAHALD

Hljómsveitin hélt alla sína stórtónleika í Neskirkju þar sem allir nemendur komu fram auk nokkurra samspilshópa. Árlegir tvennir tónleikar eru haldnir í Melaskóla auk tónleika í Húsdýragarðinum, spilað er fyrir eldri borgara og leikskóla í nokkur skifti og haldnir u.þ.b. 15 tónfundir og samspilstónleikar. Hljómsveitin fór til Vestmannaeyja í lok apríl og hélt þar tónleika ásamt skólahljómsveit Vestmannaeyja.

HEIMSÓKNIR Í OG FRÁ SKÓLANUM – EF SLÍKT ER Á ÁÆTLUN

Farið var á Landsmót SÍSL á Akureyri helgina 12.-14. Október. Farið verður í vorferð til Vestmannaeyja í maí. Þar verður æft og spilað með meðlimum Skólahljómsveitar Vestmannaeyja. Síðar í mánuðinum munu nemendur S.V. heimsækja okkur og halda tónleika með SvoM í lok maí. 19.-26. júní fer hljómsveitin í ferð til Calella á Spáni ásamt nemendur S.V.

HVERNIG SKÓLINN FRAMFYLGIR STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR

Hljómsveitin kennir um 85% nemenda á skólatíma þ.e.a.s. einkatímar nemenda. Samæfigar verða að vera eftir skóla. Í kennslunni er farið eftir Aðalnámsskrá tónlistarskóla.

LOKAORÐ

Í nóvember voru tónleikar í Melaskóla þar sem voru frumfluttar 14 nýjar tónsmíðar eftir nemendur Hljómsveitarinnar. Það er lögð áhersla á frumsköpun nemenda. Að óbreyttu verður starf þessa vetrar á svipuðum nótum og í fyrra þó ívið meira.

Ég skora á fræðslufirvöld að bregðast við þeim fjölda umsókna sem er í Skólahljómsveit Vestur og Miðbæjar. Ár hvert eru u.þ.b. 100 nýjir nemendur sem sækja um í hljómsveitina. Það eru því oftast á bilinu 40-60 nemendur sem komast ekki að ár hvert.

Lárus Halldór Grímsson